

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 115/2014

2014/EES/71/03

frá 27. júní 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 frá 11. febrúar 2014 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 601/2013 um leyfi fyrir kóbalt(II)asetattetrahydrati, kóbalt(II)karbónati, kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3) mónóhydrati, kóbalt(II)súlfatheptahýdrati og húðuðu, kornuðu kóbalt(II)karbónathýdroxíð(2:3) mónóhydrati sem fóðurukefnum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður. Ákvæði löggjafar um föður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 85. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2013) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **2014 R 0131:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2014 frá 11. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 41, 12.2.2014, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 131/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2014, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.